



ORKUSTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. P 132/1481
komudagur 28.3.2006

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Alþingi
Utanríkisnefnd
Einar Farestveit
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. mars 2006
Tilvísun: 2006030024
Bréfalykill: 50.11

Efni: Tillaga til þingsályktunar um samstarf vestnorrænna landa í orkumálum - Þingskj. 320.

Orkustofnun hefur, með bréfi dags. 16. mars 2006, borist ósk um að veita umsögn um ofangreint mál. Orkustofnun hefur verið iðnaðarráðuneyti til aðstoðar í samstarfi við Grænlandinga um orkumál nú nokkur misseri. Ávöxtur þess samstarfs er m.a. könnun á jarðhita á Diskóeyju, en iðnaðarráðuneytið hefur að mestu staðið straum af kostnaði við það. Nú er unnið að því að undirbúa framhald þessara rannsókna með aðferðum sem hafa gefið góða raun hérlendis.

Á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og viðkomandi landa var árið 2004 tekin saman yfirlitsskýrsla um orkumál í hinum vestnorrænnu löndum. Um öll þessi lönd gildir að þau eru háð flutningum á sjó og fiskveiðar eru þeim mikilvægar. Færeyingar og Grænlandingar eru háðir olíuvörum á öllum sviðum sinnar orkunotkunar. Á Íslandi á það einungis við um samgöngur og fiskveiðar. Orka til almennra nota og iðnaðar á Grænlandi fer að langmestu leyti til upphitunar. Að spara orku á því sviði er því mikilvægt Grænlandingum og þar ættum við að geta haft sameiginleg verkefni, enda er okkur kappsmál að draga úr þörf á að niðurgreiða húshitunarrafmagn.


Á Grænlandi er ekki mögulegt að tengja byggðir í stór dreifikerfi fyrir raforku, og því þarf að finna leiðir sem henta hverju byggðalagi fyrir sig. Í samtölum við Grænlandinga hafa verið nefndir möguleikar á aðstoð og samstarfi á sviði vatnamælinga, og væri líklega æskilegt að finna aðstoð á því sviði fjárhagslegan grundvöll. Þá telja Grænlandingar að þegar fram líða stundir muni þeir geta nýtt sér sólarorku í ríkara mæli, einkum á S-Grænlandi, og í einhverjum mæli einnig vindorku.

Færeyingar horfa einnig nokkuð til vindorku, en einnig til sjávarfallaorku, sem er enn sem komið er á tilraunastigi. Vandséð er að Ísland hafi eitthvað fram að færa á sviði vindorku, nema í því formi að ríkin þrjú sameinist t.d. um 1) að laga þessa tækni að hugsanlega sérstökum aðstæðum í öfgafyllra veðurlagi en gengur og gerist og 2) samkeyrslu við aðra orkugjafa, þ.e. þá sem standa til boða nú.

Orkustofnun tekur undir að ríkin þrjú efla samstarf sitt í orkumálum, og það er mikilvægt að yfirvöld orkumála í þessum ríkjum finni leiðir til að gera samstarfið árangursríkt og móti verkefni sem geta skilað þeim árangri í bráð og lengd. Að mati Orkustofnunar ætti að leggja höfuðáherslu á að leita leiða til að þessi ríki geti dregið úr eldsneytisnotkun á næstu áratugum.

Virðingarfyllst


Þorkell Helguson
orkumálastjóri


Hákon Aðalsteinsson
sérfræðingur